

## D Ó M U R

**Héraðsdóms Reykjavíkur 17. maí 2013 í máli nr. E-2431/2012:**

**Reynir Finndal Grétarsson**

*(Reimar Pétursson hrl.)*

**gegn**

**Landsbankanum hf.**

*(Gunnar Viðar hdl.)*

Mál þetta, sem var dómtekið 13. maí sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Reyni Finndal Grétarssyni, Kaldaseli 19, Reykjavík. Stefndi er Landsbankinn hf., Austurstræti 11, Reykjavík og stefna málsins var birt 27. júní 2012.

Stefnandi krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 115.953.000 krónur með 8,5% ársvöxtum af 115.959.804 krónum frá 30. apríl 2010 til 1. júní 2010, en með 8,25% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 2010, en með 7,75% ársvöxtum frá þeim degi til 1. okt. 2010, en með 6,75% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóv. 2010, en með 6,3% ársvöxtum frá þeim degi til 1. des. 2010, en með 5,75% ársvöxtum frá þeim degi til 1. jan. 2011, en með 5,55% ársvöxtum frá þeim degi til 1. feb. 2011, en með 5,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 2011, en með 5,25% ársvöxtum frá þeim degi 1. nóv. 2011, en með 5,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. des. 2011, en með 5,25% ársvöxtum frá þeim degi til 1. jan. 2012, en með 5,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 2012, en með 5,65% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags 28. júní 2012, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags; allt að teknu tilliti til innborgunar að fjárhæð 63.665.938 krónur þann 4. nóv. 2011.

Til vara að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 16.954.244 krónur með 8,5% ársvöxtum af 16.954.244 krónum frá 30. apríl 2010 til 1. júní 2010, en með 8,25% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 2010, en með 7,75% ársvöxtum frá þeim degi til 1. okt. 2010, en með 6,75% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóv. 2010, en með 6,3% ársvöxtum frá þeim degi til 1. des. 2010, en með 5,75% ársvöxtum frá þeim degi til 1. jan. 2011, en með 5,55% ársvöxtum frá þeim degi til 1. feb. 2011, en með 5,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 2011, en með 5,25% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóv. 2011, en með 5,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. des. 2011, en með 5,25% ársvöxtum frá þeim degi til 1. jan. 2012, en með 5,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 2012, en með 5,65% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags 28. júní 2012, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi í öllum tilvikum málskostnaðar að skaðalausni úr hendi stefnda.

Stefndi, Landsbankinn hf., krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda. Til vara er krafist stórfelldrar lækkunar á öllum kröfum stefnanda. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda.

I

Stefnandi er menntaður lögfræðingur. Hann er einnig stofnandi, einn helsti eigandi og framkvæmdastjóri Creditinfo Group hf. Félagið mun vera leiðandi fyrirtæki í miðlun fjárhags- og viðskiptaupplýsinga en hjá því starfa um 200 manns í 11 löndum. Stefndi er fjármálafyrirtæki sem tók við réttindum og skyldum Landsbanka Íslands hf. samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 9. okt. 2008 vegna þessara samninga. Stefndi kveður að þekking og reynsla stefnanda af fjármálamörkuðum, jafnt innlendum sem erlendum, hafi verið grundvöllur þess að honum buðust hinar háu lánveitingar í erlendum myntum frá Landsbanka Íslands hf.

Mál þetta er vegna þriggja lánessamninga sem gerðir voru 25. október 2006, 10. apríl 2007 og 10. september 2007. Stefnandi byggir á því að um ólögmat gengistryggð lán sé að ræða. Stefndi hefur fallist á það að hluta. Stefnandi krefst endurgreiðslu á því er hann telur að hann hafi ofgreitt.

*Lánið 25. október 2006, lánessamningur 5984.* Þann dag tók stefnandi lán að jafnvirði 50.000.000 kr. hjá LBI í evrum að öllu leyti. Lánið var til eins árs og samkvæmt gr. 2.1 átti hinn 31. október 2007 að greiða lánið upp að fullu með einni greiðslu. Samkvæmt gr. 2.2 átti að skuldfæra reikning stefnanda fyrir afborgun/vöxtum. Samkvæmt gr. 3.1 voru vaxtakjör lánsins breytileg og jafnhá LIBOR-vöxtum í samræmi við lengd vaxtatímabils hverju sinni auk 2,35% vaxtaálags. Í gr. 4.1 er að finna myntbreytingarheimild þar sem segir að lántaki geti óskað þess að myntsamsetningu lánsins verði breytt þannig að það miðist að öllu leyti eða að hluta við aðrar erlendar myntir en upphaflega hafi verið samið um.

Ágreiningur er með aðilum um það hvernig útborgun lánsins var háttað. Stefnandi kveður að Landsbanki Íslands hafi greitt út andvirði lánsins í krónum og hafi 49.960.048 krónur komið til útborgunar til stefnanda að teknu tilliti til kostnaðar. Þeim krónum hafi síðan verið skipt yfir í evrur á genginu 85,53 krónur fyrir hverja evru og gefin hafi verið út sérstök kvittun til stefnanda því til staðfestingar að hann hafi selt hinar lánuðu krónur og keypt evrur. Þær evrur sem hafi verið keyptar hafi síðan verið sendar til TBIL Business Bank í Georgíu og lagðar þar inn á reikning stefnanda. Stefndi mótmælir þessu og kveður að LBI hafi sent tilkynningu með SWIFT-skeyti til Raiffeisen Bank International AG, Vín, Austurríki og óskaði eftir að 584.123,09 evrur yrðu millifærðar inn á bankareikning stefnanda hjá hinum georgíska banka TBIL. Samtímis hafi LBI sent greiðslufyrirmæli með SWIFT-skeyti til Bank Austria (nú Unicredit Bank Austria AG) og óskað eftir því að bankinn færði áður nefnda fjárhæð af bankareikningi LBI til Raiffeisen svo hann gæti greitt hana inn á bankareikning stefnanda hjá TBIL.

Í heildina voru gerðir fimm viðaukar við samninginn og með þeim voru gerðar breytingar á gjalddögum, vaxtadögum og greiðslu vaxta. Stefnandi innti enga

greiðslu af hendi í samræmi við upphaflega skilmála samningsins þar sem greiðslur hans byggðu ávallt á viðaukum við lánsamninginn. Greiðslur frá stefnanda runnu ýmist inn á gjaldfallna vexti eða höfuðstól kröfunnar. Í viðaukunum var höfuðstóll og vextir tilgreindir í evrum.

*Lánið 10. apríl 2007, lánsamningur 7570.* Þann dag tók stefnandi fjölmyntalán hjá LBI, þ.e evrur, Bandaríkjadollara, svissneska franka og japönsk jen að jafnvirði 27.700.000 kr. Stefndi taldi að um ólögmætt gengistryggt lán væri að ræða og endurreiknaði lánið miðað við lægstu óverðtryggðu vexti Seðlabankans. Inneign stefnanda eftir útreikninginn var 10.551.575 kr. og var henni skuldajafnað við lán InfoCaptital ehf. samkvæmt samkomulagi 22. október 2010.

*Lánið 10. september 2007, lánasamningur 9310.* Þann dag tók stefnandi fjölmyntalán til eins árs að jafnvirði 101,5 milljónir króna í evrum, Bandaríkjadollar, svissneskum frönkum og japönskum jenum. Stefndi taldi einnig að um ólögmætt gengistryggt lán væri að ræða og endurreiknaði lánið miðað við lægstu óverðtryggðu vexti Seðlabankans. Inneign stefnanda eftir útreikninginn var 53.114.363 kr. og var henni skuldajafnað við lán InfoCaptital ehf. samkvæmt samkomulagi 22. október 2010.

Hinn 3. nóvember 2010 voru lánsamningar nr., 5984, 7570 og 9310 skráðir uppgreiddir. Hinn 7. nóvember 2011 sendi stefndi stefnanda bréf og samrit til InfoCapital. Í bréfinu kom fram að stefndi mæti það svo að samningar nr. 7570 og 9310 kvæðu á um ólögmæta gengistryggingu og að eftirstöðvar lánsamninganna hefðu verið endurreiknaðar í samræmi við ákvæði laga nr. 38/2001 og lægstu óverðtryggðu vexti sem Seðlabanki Íslands birtir, sbr. 10. gr. sömu laga. Niðurstaða endurútreikningsins var sú að ofgreiðsla vegna þessara tveggja lánsamninga hefði numið 63.665.938 kr. eins og að framan greinir.

Hinn 7. ágúst 2012 sendi stefndi stefnanda bréf þar sem kom fram að stefndi mæti það svo að lánsamningur stefnanda nr. 5984 félli ekki undir fordæmisgildi dóms Hæstaréttar Íslands frá 9. júní 2011 í máli nr. 155/2011 stefndi gegn þrotabúi Motormax ehf. Af þeirri ástæðu myndi stefndi ekki endurreikna framangreindan lánsamning.

## II

Stefnandi byggir á því að lánsamningurinn frá 25. október 2006 hafi verið lán í krónum sem hafi verið bundið gengi erlends gjaldmiðils. Lánsamningurinn brjóti því í bága við ákvæði 14. gr. laga um vexti og verðtryggingu, sbr. jafnframt V. kafla laganna í heild sinni. Þessu til frekari stuðnings bendir stefnandi m.a. á, að á forsiðu samningsins hafi verið lánsfjárhæð tilgreind í íslenskum krónum. Hvergi í samningnum hafi verið getið um fjárhæð skuldarinnar í hinum erlenda gjaldmiðli, heldur aðeins um hlutföll hans og viðmiðun við virði íslensku krónunnar á tilteknum degi fyrir útborgun lánsins. Lánið hafi verið greitt út og endurgreitt í íslenskum krónum og þessi greiðsluháttur hafi verið ráðgerður í samningnum. Þá hafi í samningnum verið ákvæði um myntbreytingu sem sýni að myntsamsetning

samningsins hafi falið í sér „viðmið“ sem miðaðist við „gengisskráningu ... á íslensku krónunni“.

Þá byggir stefnandi á því að stefndi hafi nú þegar viðurkennt að lánessamningarnir frá 10. apríl 2007 og 10. september 2007 hafi verið ólögsmæt gengistryggð lán í andstöðu við 14. gr. laga um vexti og verðtryggingu. Sú viðurkenning sé staðfest í bréfi stefnda dags. 7. nóvember 2011 og með þeim greiðslum sem þar sé vitnað til. Við hana sé því stefndi bundinn, en til vara byggir stefnandi á því að lánin séu í reynd ólögsmæt enda gildi um þau m.a. öll sömu sjónarmið og hafi verið rakin vegna lánsins frá 25. okt. 2006.

Stefnandi byggir á því að við útreikning á því sem hann hafi ofgreitt stefnda verði að horfa til þess, að hann hafi á sínum tíma greitt stefnda þá vexti sem stefndi hafi sjálfur reiknað út. Stefnandi hafi þannig fengið sendar tilkynningar frá stefnda um gjalddaga sem hafi sýnt hvaða fjárhæð hann ætti að greiða í vexti í erlendum myntum talið. Stefnandi hafi síðan greitt stefnda krónur miðað við gengi erlendu myntanna á greiðsludegi og fengið kvittun fyrir greiðslunni. Þar hafi komið fram hvernig greiðslu hans hafi m.a. verið ráðstafað til greiðslu vaxta. Stefnandi hafi þannig sjálfur annast alla útreikninga og útbúið kvittanir vegna lánanna. Stefnandi hafi því borið að áskilja sér rétt til frekari vaxtagreiðslna en hann hafi reiknað sér á sínum tíma ef hann hefur viljað geta gert kröfu um slíkt síðar meir. Hann hafi hins vegar engan slíkan áskilnað gert og við það sé hann bundinn.

Þá tekur stefnandi fram að í 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu, eins og hún hafi hljóðað fyrir setningu laga nr. 151/2010 sem tóku gildi 29. des. 2010, segi að teldist samningur „um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu“ ógildur „og hafi endurgjald verið greitt ber kröfuhafa að endurgreiða skuldara þá fjárhæð sem hann hefur þannig ranglega af honum haft“. Þar hafi einnig sagt að miða skyldi við vexti samkvæmt 4. gr. laganna „eftir því sem við getur átt“.

Stefnandi telur þessi fyrirmæli leiði til þess, að kröfuhafi sé bundinn við þá innheimtu vaxta sem hann hafi sjálfur reiknað út og gefið greiðslukvittun fyrir. Hann geti ekki vænst þess að geta krafist skuldara um vexti samkvæmt 4. gr. laganna komi síðar í ljós að þeir vextir, sem kröfuhafinn hafi reiknað út, hafi verið lægri. Heimildin til að heimta vexti samkvæmt 4. gr. geti ekki náð til þess. Breyti í því samhengi engu þótt kröfuhafi þurfi að endurgreiða skuldara oftekið endurgjald í formi útreiknaðra gengisbreytinga gjaldmiðla, enda hafi 18. gr. verið fortakslaus um að slíkt oftekið endurgjald bæri að endurgreiða. Almennar reglur kröfuréttarins leiði hér einnig til sömu niðurstöðu.

Þá telur stefnandi að lög nr. 151/2010 skipti engu fyrir úrlausn málsins, enda hafi öllum greiðslum stefnanda vegna lánanna verið lokið 30. apríl 2010 áður en lög nr. 151/2010 hafi tekið gildi. Þá geti lög nr. 151/2010 þar fyrir utan ekki vikið til hliðar þeim reglum sem hafi falist í 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu og almennum reglum kröfuréttar. Með því væri brotið gegn 72. gr. stjórnarskrárinnar. Hún feli m.a. í sér að með almennum lögum sé ekki unnt, að hrófla með afturvirkum hætti við réttarreglum um efni skuldbindinga og greiðslur skulda frá því sem hafi gilt þegar til þeirra hafi verið stofnað og af þeim hafi verið greitt. Í tilviki stefnanda hafi verið stofnað til lánanna á árinu 2006 og 2007 og síðustu greiðslur vegna þeirra hafi verið inntar af hendi í apríl 2010. Af þeim sökum verði ekki horft til laga nr. 151/2010 við úrlausn málsins.

Stefnandi reiknar út aðalkröfu sína með eftirfarandi hætti:

*Lánið 25. október 2006, lánsamningur 5984.* Stefnandi hafi greitt í heild sinni inn á höfuðstól þessa láns 78.789.906 krónur og hafi þeim greiðslum lokið 30. apríl 2010. Í því tilliti verði hins vegar að líta til þess, að hluti þess höfuðstóls hafi verið vaxtagreiðsla að fjárhæð 3.222.418 krónur sem hafi verið bætt við höfuðstól lánsins hinn 31. okt. 2007 samkvæmt sérstökum samningi þar að lútandi. Að þeirri fjárhæð frádreginni hafi höfuðstólsgreiðslur stefnanda verið 75.567.488 krónur.

Stefnandi líti svo á að óheimilt hafi verið að hækka höfuðstól lánsins með viðmiðun í erlendri mynt. Því hafi stefnda einungis verið heimilt að innheimta höfuðstólsgreiðslur að fjárhæð 50.035.000 krónur. Samkvæmt því hafi stefndi oftekið höfuðstólsgreiðslur umfram þá fjárhæð, eða 25.532.488 krónur. Stefnandi líti svo á að vaxtagreiðslur hans vegna lánsins fram til 30. apríl 2010 hafi falið í sér fullnaðaruppgjör á vöxtum til stefnda og skipti þær greiðslur engu fyrir útreikning kröfu hans.

*Lánið 10. apríl 2007, lánsamningur 7570.* Stefnandi hafi greitt í heild sinni inn á höfuðstól þessa láns 48.407.161 krónu og þeim greiðslum hafi lokið 30. apríl 2010. Höfuðstóll lánsins í íslenskum krónum hafi verið 27.700.000 krónur.

Stefnandi líti svo á að óheimilt hafi verið að hækka höfuðstól lánsins með viðmiðun í erlendri mynt. Því hafi stefndi oftekið mismun þessara fjárhæða eða sem svarar 20.707.161 krónu. Stefnandi líti svo á að vaxtagreiðslur hans fram til 30. apríl 2010 eða 2.848.739 krónur hafi falið í sér fullnaðaruppgjör á vöxtum til stefnda og skipti þær greiðslur engu fyrir útreikning kröfu hans.

*Lánið 10. september 2007, lánsamningur 9310.* Stefnandi hafi greitt í heild sinni inn á höfuðstól þessa láns 171.220.155 krónur og þeim greiðslum hafi lokið 30. apríl 2010. Höfuðstóll lánsins í íslenskum krónum hafi verið 101.500.000 krónur.

Stefnandi líti svo á að óheimilt hafi verið að hækka höfuðstól lánsins með viðmiðun í erlendri mynt. Því hafi stefndi oftekið mismun þessara fjárhæða eða sem svarar 69.720.155 krónum. Stefnandi líti svo á að vaxtagreiðslur hans fram til 30. apríl 2010 eða 21.201.753 krónur hafi falið í sér fullnaðaruppgjör á vöxtum til stefnda og skipti þær greiðslur engu fyrir útreikning kröfu hans.

Séu fjárhæðirnar hér að framan teknar saman, megi sjá að stefndi hafi oftekið samtals 115.959.804 krónur hinn 30. apríl 2010. Stefndi hafi hins vegar aðeins endurgreitt stefnanda 63.665.938 krónur og það ekki fyrr en 4. nóvember 2011. Dómkröfur stefnanda miðist þannig við að hann fái það greitt sem ofgreitt hafi verið að teknu tilliti til innborgunarinnar 4. nóvember 2011. Stefnandi byggir á því að hann eigi rétt til vaxta samkvæmt 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu, sem birtir séu samkvæmt 10. gr. laganna, af þeim fjárhæðum sem hann hafi ofgreitt. Miði stefnandi í því sambandi við almenna vexti óverðtryggðra útlána og byggist kröfugerð hans á því.

Hafni dómurinn aðalkröfunni gerir stefnandi varakröfu um endurgreiðslu á þeim fjármunum sem hann teljist hafa ofgreitt vegna lánsins 25. október 2006 miðað við að lánið hafi frá útborgun þess borið óverðtryggða útlánsvexti sem Seðlabanka

Íslands hafi birt samkvæmt 10. gr. laga um vexti og verðtryggingu.

Stefnandi hafi reiknað út stöðu lánsins hinn 30. apríl 2004 þessu til samræmis. Útreikningurinn miðist við að vextir séu höfuðstólsfærðir árlega, í fyrsta skipti 25. október 2007 en þá hafi verið liðið ár frá útborgun lánsins. Greiðslum sé ráðstafað fyrst til greiðslu vaxta en svo inn á höfuðstól. Ekkert tillit sé tekið til tilkynningar- eða vanskilagjalds. Miðað sé við reglu 2. mgr. 12. gr. laga um vexti og verðtryggingu um að telja skuli 360 daga í hverju ári.

Niðurstaða útreikningsins sé sú að stefnandi hafi 30. apríl 2010 ofgreitt 16.954.244 krónur og geri hann varakröfu um endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar. Krafan miðist svo við að stefnandi eigi rétt til vaxta samkvæmt 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu eins og þeir séu birtir samkvæmt 10. gr. laganna frá þeim degi.

Um lagarök vísar stefnandi einkum til laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, almennra reglna samningaréttar og kröfuréttar, og laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Þá vísar stefnandi til 72. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Kröfugerð stefnanda um dráttarvexti byggist á 4. mgr. 5. gr. laga um vexti og verðtryggingu. Krafa stefnanda um málskostnað styðjist við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 1. mgr. 130. gr. Jafnframt er henni til stuðnings vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

### III

Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnanda og byggir á eftirfarandi málsástæðum.

Í *fyrsta lagi* sé sýknukrafa stefnda byggð á því að lánessamningur vegna láns 5984 sé í erlendri mynt og sé því ekki um ólögmaeta gengistryggingu að ræða. Beri því að hafna kröfum stefnanda sem rökstuddar séu með vísan til þessa lánessamnings en samkvæmt útreikningum stefnanda nemi sú fjárhæð 25.532.488 kr. af stefnufjárhæðinni.

Vísað sé til þess að tilgreint sé með skýrum hætti í samningnum að hann sé fjölmyntalán að öllu leyti í evrum. Í öðru lagi sé vísað til þess að vaxtaskuldbinding lántaka sé í LIBOR-vöxtum en ekki í REIBOR-vöxtum eða kjörvöxtum óverðtryggðra lána en hinir síðarnefndu vextir séu notaðir sem grunnur þegar lán sé veitt í íslenskum krónum. Í þriðja lagi sé vísað til þess að textinn í lánessamningnum beri að öðru leyti skýrt með sér að um erlent lán sé að ræða. Í því samhengi megi til viðbótar vísa til 4. gr. lánessamningsins um heimildir skuldara til að breyta myntsamsetningu skuldarinnar. Í fjórða lagi sé vísað til þess að stefndi hafi fengið lánið greitt í erlendri mynt inn á bankareikning sinn hjá TBIL að hans eigin ósk. Til að millifæra lánsfjárhæðina til stefnanda hafi LBI sent SWIFT-skeyti til Reiffeisen í Austurríki sem hafi verið viðskiptabanki TBIL og til Bank Austria sem hafi verið viðskiptabanki LBI í Austurríki. Í skeytinu til Bank Austria hafi komið fram að bankinn ætti að millifæra lánsfjárhæðina, 584.123,09 evrur, af reikningi LBI til Reiffeisen. Í skeytinu til Reiffeisen hafi svo komið fram að bankinn ætti að millifæra fjárhæðina frá Bank Austria til TBIL og merkja millifærsluna stefnanda svo að hann gæti fengið evrunar inn á bankareikning sinn í Georgíu. Ekki fari því

á milli mála að LBI hafi afhent stefnanda evrur þegar honum lánið hafi verið greitt lánið. Fullyrðingum stefnanda um að lánið hafi verið greitt út í íslenskum krónum sé harðlega mótmælt. Í fimmta lagi sé vísað til þess að afborganir af láninu hafi verið greiddar í erlendum myntum, sbr. afrit af greiðslukvittunum sem liggja fyrir í málinu. Skipti hér engu máli að reikningur stefnanda í íslenskum krónum hafi verið skuldfærður fyrir greiðslu afborgana. Í sjötta lagi sé á því byggt að allir viðaukar við lánessamninginn tilgreini höfuðstól og áfallna vexti eingöngu í evrum.

Stefnandi hafi síðan keypt erlenda mynt af stefnda við greiðslu afborgana og vaxta af láninu. Með því hafi stefnandi eft skuldbindingu sína í hinni erlendu mynt, en ekki í íslenskum krónum. Tilgreining íslenskra króna á kvittuninni stafi alfarið af tengslum við bókhaldskerfi stefnda en allar færslur millilenda á reikningi sem tilgreindur sé í íslenskum krónum enda geri stefndi upp reikninga sína í íslenskum krónum. Sá reikningur sem skuldfærður sé þ.e. reikningur nr. 0106-38-710900 sé reikningur sem hafi verið í eigu stefnda sjálfs og er í evrum.

Stefndi byggir á því að Hæstiréttur Íslands hafi margsinnis staðfest að um erlent lán sé að ræða þegar lántaki fái andvirði lánessamnings greitt út í erlendum myntum. Stefndi telur því deginum ljósara að lánessamningur nr. 5984 sé lögmætt erlent lán í evrum.

Lánessamningar nr. 7570 og 9310 skeri sig frá lánessamningi nr. 5984 þar sem útgreiðsla lánsfjárhæða þeirra hafi farið fram í íslenskum krónum inn á reikning stefnanda hér á landi. Stefndi hafi af þeim sökum þegar viðurkennt að með lánessamninga nr. 7570 og 9310 skuli fara svo sem um íslenska lánessamninga hafi verið að ræða með gengisviðmiði sem fari í bága við 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001. Málsástæður stefnda í þessum lið gildi því eingöngu að því er varði lán 5984. Aðrar málsástæður gildi um öll þrjú lánin en ættu þó að vera óþarfar að því er varði lán 5984 þar sem ekki geti komið til endurútreknings á lögmætu erlendu láni.

Í *öðru lagi* er sýknukrafa stefnda byggð á því að honum sé heimilt að reikna vexti allt frá upphafi lánessamninganna samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Stefndi byggir á því að umsamin vaxtakjör af gengisbundnu láni hafi ekki getað komið til álita nema í tengslum við gengistryggingu þess. Bein og órjúfanleg tengsl séu á milli ákvæðis um gengistryggingu í samningi aðilanna og fyriræla um vexti. Vegna þessa sé óhjákvæmilegt að ógildi ákvæðisins um gengistryggingu leiði til þess að líta verði með öllu fram hjá ákvæðum samningsins um vaxtahæð. Í samningnum sé hins vegar ákveðið að skuldin beri vexti. Hæstiréttur hafi í slíkum tilvikum komist að þeirri niðurstöðu að um vexti skuli þá fara eftir 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001.

Í *þriðja lagi* sé sýknukrafa stefnda byggð á því að þegar lánessamningar af því tagi sem hér um ræði séu taldir fela í sér ólögmæta gengistryggingu hafa forsendur fyrir vaxtastigi lánanna brostið, sbr. reglur fjármunaréttar um rangar og brostnar forsendur. Þá sé á því byggt í þessu sambandi að það væri ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju að leggja upphaflega samningsvexti til grundvallar í kröfuréttarsambandi aðila, sbr. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Samkvæmt því byggir stefndi á því að vaxtaákvæði lánessamninganna séu ógild og því beri að endurreikna lánessamningana miðað við þá forsendu að stefnanda hafi borið að greiða vexti samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001 frá upphafsdegi.

Í fjórða lagi sé sýknukrafa stefnda byggð á því að rangt sé að líta svo á að stefndi sé að krefja um viðbótarevnti og að sjónarmið um fullnaðarkvittanir komi í veg fyrir slíka viðbótarkröfu. Það tilvik sem hér sé til umfjöllunar feli ekkert slíkt í sér enda teljast lánsamningar nr. 5984, 7570 og 9310 að fullu greiddir og stefndi hafi ekki haft uppi neinar viðbótarkröfur á hendur stefnanda vegna þeirra. Hér sé það þvert á móti stefnandi eða lántakinn sem hafi uppi kröfur um endurgreiðslu fjár úr hendi stefnda sem lánveitanda. Dómar Hæstaréttar í málum nr. 600/2011 og 464/2012 þar sem niðurstaðan hafi oltið á því hvort sjónarmið um fullnaðarkvittanir ættu rétt á sér eða ekki, eigi því ekki við um það tilvik sem hér sé til úrlausnar.

Í fimmta lagi, telji dómurinn að ef varnir stefnda fela í sér kröfu um viðbótargreiðslu vegna vaxta fyrir liðna tíð, sé sýknukrafa stefnda byggð á meginreglu kröfuréttar um að kröfuhafi sem fengið hafi minna greitt en hann hafi átt rétt á eigi viðbótarkröfu á hendur skuldara um það sem vangreitt sé. Stefndi byggir á því að túlka verði allar undantekningar frá þessari meginreglu þröngt, þar með talin sjónarmið um fullnaðarkvittanir.

Stefndi hafnar því með öllu að dómar Hæstaréttar Íslands frá 15. febrúar 2012 í máli nr. 600/2011 og/eða 18. október 2012 í máli nr. 464/2012 hafi fordæmisgildi gagnvart lánsamningum nr. 5984, 7570 og 9310. Þeir hafi fjallað um langtímalán þar sem samið hafi verið um reglulegar afborganir, annars vegar til 30 ára í máli nr. 600/2011 og hins vegar til 20 ára í máli nr. 464/2012.

Telji dómurinn engu að síður að horfa beri til þessara dómafordæma byggir stefndi á því að undantekningarreglan sem dómarnir byggi á eigi ekki við í þessu máli. Til stuðnings þessu sé meðal annars vísað til eftirfarandi sjónarmiða:

- a) Stefndi hafi ekki getað verið í góðri trú um að greiðslur hans til LBI og síðar stefnda hafi falið í sér fullar og réttar efnir. Stefndi geti ekki haldið því fram að hann hafi verið í góðri trú um að vaxtakjör lánanna væru óháð bindingu höfuðstóls þess við gengi gjaldmiðlanna.
- b) Stefndi hafi frá upphafi verið algerlega ljóst að hann hefði þurft að greiða umtalsvert hærri vexti ef um lán í íslenskum krónum hefði verið að ræða.
- c) Þá hafi forsenda fyrir vaxtagreiðslum verið svo auðgreinanleg að stefndi hlaut að hafa verið það ljóst að ekki hafi verið um fullnaðaruppgjör að ræða.
- d) Aldrei hafi komist á festa í framkvæmd endurgreiðslu lánsamninganna. Fyrir hvern gjalddaga hafi LBI, og síðar stefndi, sent greiðslutilkynningar til stefnda þar sem fram hafi komið fjárhæð afborgunar og gjaldfallinna vaxta. Í stað þess að greiða í samræmi við greiðslutilkynningarnar hafi stefndi óskað eftir því að gerðir yrðu viðaukar við lánsamningana sem hafi falið í sér breytingar á skilmálum svo sem á gjalddögum og vöxtum.
- e) Ekki hafi verið til staðar aðstöðumunur við lántökurnar. Stefndi sé lögfræðingur að mennt og einn eigenda og framkvæmdastjóri alþjóðlegs félags, Creditinfo Group hf. Félag þetta sérhæfi sig í miðlun fjárhags- og viðskiptaupplýsinga, starfi í 11 löndum og hafi um 200 starfsmenn.

f) Þá sé ekki undir neinum kringumstæðum hægt að leggja til grundvallar að skuldbindingar stefnanda vegna ætlaðrar ólögmatrar gengistryggingar geti haft í för með sér röskun á fjárhagslegri stöðu.

Af framangreindu sé ljóst að ekkert skilyrði undantekningarreglunar um fullnaðargildi kvittana eigi við í máli þessu.

Stefndi mótmælir því sem komi fram í stefnu að stefnda hafi borið að áskilja sér rétt til frekari vaxtagreiðslna en hann hafi reiknað sér á sínum tíma ef hann vildi geta gert kröfu um slíkt síðar meir.

Í *sjötta lagi* sé sýknukrafa stefnda byggð á því að stefnandi eigi ekki endurkröfurétt á hendur stefnda þar sem fullnaðaruppgjör hafi þegar farið fram. Það sé meginregla í kröfurétti að skuldari sem greitt hafi kröfuhafa hærri fjárhæð en honum hafi borið eigi endurkröfu á hendur kröfuhafanum um mismuninn þar á. Þá hafi verið kveðið á um það í 1. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, þar til henni hafi verið breytt með lögum nr. 151/2010, að ef samningur um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umliðun skuldar eða dráttarvexti teldist ógildur og hefði endurgjald verið greitt bæri kröfuhafa að endurgreiða skuldara þá fjárhæð sem hann hefði þannig ranglega af honum haft. Við ákvörðun endurgreiðslu skyldi miða við vexti skv. 4. gr., eftir því sem við gæti átt. Eftir að lögum nr. 38/2001 hafi verið breytt með lögum nr. 151/2010 sé mælt fyrir um það í 5. mgr. 18. gr. að kröfuhafa beri að endurgreiða skuldara þá fjárhæð sem hann hafi ranglega af honum haft vegna ólögmatra vaxta og/eða verðtryggingar.

Það sé vitaskuld forsenda þess að stefnandi geti átt endurkröfu á hendur stefnda á grundvelli reglna um rétt til endurgreiðslu ofgreidds fjár, eða ákvæðis 18. gr. laga nr. 38/2001, að stefnandi hafi greitt meira en honum hafi borið að gera. Ljóst sé af dómum Hæstaréttar í málum nr. 471/2010 og 604/2010 að leggja verði til grundvallar að stefnanda beri að greiða óverðtryggða vexti Seðlabanka Íslands, sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 af lánsamningum nr. 5984, 7570 og 9310. Ljóst sé að fjárhæð Seðlabankavaxta sem reiknaðir séu samkvæmt framansögðu sé hærri en fjárhæð þeirra vaxta sem samið hafi verið um í samningum nr. 5984, 7570 og 9310. Þar sem fjárhæð þeirra vaxta sem tilgreindir séu í lánsamningunum sé lægri en fjárhæð þeirra vaxta sem nota eigi í stað þeirra samkvæmt framansögðu sé ekki hægt að halda því fram að stefnandi hafi greitt hærri fjárhæð í vexti en honum hafi borið. Reglur um endurgreiðslu ofgreidds fjár og sérákvæði laga nr. 38/2001 eigi því ekki við, enda ekki um ofgreiðslu vaxta að ræða. Sjónarmið um fullnaðargreiðslu hafi ekkert vægi í þessu sambandi svo sem áður hafi verið rökstutt.

Með vísan til framangreinds verði að sýkna stefnda af kröfum stefnanda og dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu, sbr. ákvæði XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Til vara er gerð krafa um stórkostlega lækkun dómkrafna. Til stuðnings varakröfu sinni byggir stefndi á sömu málsástæðum og hér að framan.

Að því er varði aðalkröfu stefnanda byggir stefndi á því að lækka beri hana í samræmi við eftirfarandi forsendur.

Stefndi byggir varakröfu sína varðandi lánsamning nr. 7570 sérstaklega á því að stefnandi eigi aðeins fullnaðarkvittanir vegna þess láns fram til 27. mars 2009 en á þeim degi hafi stefnandi síðast greitt af láninu. Hinn 6. apríl 2010 hafi vextir verið lagðir við höfuðstól lánsins og byggir stefndi á því að slíkt jafngildi ekki greiðslu úr hendi stefnanda og geti sjónarmið um fullnaðarkvittanir ekki staðið í vegi fyrir leiðréttingu á slíkri færslu. Við útreikning á þeirri fjárhæð sem hafi bæst við höfuðstól lánsins miði stefndi við sölugengi stefnda á þeim degi sem færslan hafi farið fram, sbr. inngangsákvæði lánsamningsins sem kveði á um að greiði lántaki afborganir, vexti og dráttarvexti eða aðrar greiðslur í íslenskum krónum skuli hann greiða samkvæmt sölugengi bankans á gjalddaga. Krafa stefnanda miðað við þessar forsendur geti aldrei orðið hærri en 15.783.503 kr. Telji dómurinn að stefndi eigi rétt til endurreiknings allt til uppgreiðslu lánsins hinn 30. apríl 2010 sé þess krafist að krafa stefnanda vegna þessa lánsamnings verði aldrei hærri en 16.713.865 kr., þar sem leiðrétt hafi verið vegna greiðslu sem stefnandi hafi ranglega talið sem afborgun af höfuðstól.

Stefndi byggir sérstaklega á því varðandi lánsamning nr. 9310 að greiðslur vaxta séu ranglega færðar sem afborganir af höfuðstól í stefnu. Ef leiðrétt sé fyrir þessum færslum geti krafa stefnanda vegna þessa lánsamnings aldrei orðið hærri en 57.425.841 kr.

Stefndi byggir einnig sérstaklega á því varðandi lánsamning nr. 5984 að greiðslur vaxta séu ranglega færðar sem afborganir af höfuðstól í stefnu. Ef leiðrétt er fyrir þessum færslum geti krafa stefnanda vegna þessa lánsamnings aldrei orðið hærri en 23.145.894 kr.

Að því er varði varakröfu stefnanda byggir stefndi á því að lækka beri hana í samræmi við niðurstöður stefnda sem fram komi í C-lið í dskj. nr. 55.

Stefndi mótmælir kröfu stefnanda um dráttarvexti frá fyrri tíma en dómsuppsögudegi. Þessu til stuðnings sé vísað til 18. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu þar sem kveðið sé á um að nota skuli vexti skv. 1. málsl. 4. gr. laganna við endurreikning lánsamninga. Hér sé um að ræða sérákvæði sem gangi frammar almennu ákvæði 5. gr. sömu laga.

Um lagarök vegna sýknukröfu vísast til ákvæða laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga og reglna fjármunaréttar um rangar og brostnar forsendur. Krafan um málskostnað styðjist við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, að teknu tilliti til virðisaukaskatts í samræmi við lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

#### IV

Í máli þessu heldur stefnandi því fram að hann hafi ofgreitt stefnda hina umstefndu fjárhæð vegna þriggja lánsamninga sem stefndi og Landsbanki Íslands hf. gerðu sín á milli 25. október 2006, 10. apríl 2007 og 10. september 2007. Kröfur sínar byggir stefnandi á því að samningarnir séu ólögsmæt gengistryggð lán. Því krefst stefnandi þess að stefndi greiði honum það sem ofgreitt var. Stefndi hafnar

rökum stefnanda. Mótmælir hann því að í fyrsta lánessamningnum sé um ólögmætt gengistryggt lán að ræða. Stefndi viðurkennir að hinir tveir samningarnir hafi verið ólögmætir og hefur stefndi endurgreitt stefnanda það sem stefndi telur að stefnandi hafi ofgreitt.

Eins og að framan greinir tók stefnandi fyrsta umdeilda lánið hinn 25. október 2006 þ.e. lánessamning 5984. Ágreiningur er með málsaðilum um það hvort hér sé um lögmætt erlent lán að ræða eða ólögmætt gengistryggt lán. Við skoðun á samningnum er í fyrsta lagi litið til þess að um er að ræða fjölmyntalán til eins árs að jafnvirði 50.000.000 kr. að öllu leyti í evrum. Í öðru lagi er lánið greitt út í evrum. Það má ráða af því að í beiðni um útborgun á lánessamningnum fór stefnandi fram á að lánið yrði greitt inn á erlendan bankareikning í hans eigu. Þessu til staðfestingar liggur fyrir kvittun frá stefnda um erlenda millifærslu þar sem stefndi millifærir evrur af eigin bankareikningi yfir á hinn erlenda bankareikning stefnanda. Því er hafnað að nefnd kvittun sé fyrir kaupum stefnanda á gjaldeyri svo sem stefnandi heldur fram. Í þriðja lagi ber texti sammingsins það einnig með sér að um erlent lán sé að ræða. Í fjórða lagi er vaxtaskuldbindingin í LIBOR-vöxtum. Í fimmta lagi greiddi stefnandi af láninu í evrum en gögn málsins bera það með sér að hann keypti evrur af stefnda til að standa við skuldbindingar sínar. Í sjötta lagi tilgreina viðaukar við lánessamninginn höfuðstól og vexti í evrum. Þegar allt framangreint er virt verður lagt til grundvallar að hér hafi verið tekið gilt lán í evrum. Af því leiðir að hafnað er kröfu um endurgreiðslu vegna þessa láns.

Stefndi hefur viðurkennt að lánessamningur dags. 10. apríl 2007, þ.e. lánessamningur 7570 og lánessamningur dags. 10. september 2007, þ.e. lánessamningur 9310 hafi verið ólögmætir. Þar fór útborgun lánsfjárhæðarinnar fram í íslenskum krónum inn á reikning stefnanda hér á landi. Stefndi hefur viðurkennt að um nefnda lánessamninga skuli fara svo sem um íslenska lánessamninga hafi verið að ræða með gengisviðmiði sem fari í bága við 13. gr. og 14. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Stefndi hefur þegar endurútreiknað nefnda lánessamninga og endurgreitt stefnanda samtals 63.665.938 kr., sem gert var 4. nóvember 2011. Stefndi er bundinn af endurreikningi þessum og leggur hann það til grundvallar í málatilbúnaði sínum.

Málsástæður stefnanda ber helst að skilja svo, að stefnandi telji sig ekki þurfa að greiða þá vexti er lagðir voru til grundvallar í endurútreikningi stefnda. Þegar lánin voru í innheimtu hjá stefnda hafi hann reiknað út afborganir og vexti og sé stefndi bundinn við þann útreikning, enda hafi hann ekki áskilið sér rétt til frekari vaxtagreiðslna en þeirra sem hann hafi reiknað sér á sínum tíma. Þá telur stefnandi að ákvæði 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu eins og það hljóðaði fyrir setningu laga 151/2010 leiði til þess að kröfuhafi sé bundinn við þá innheimtu vaxta sem hann hafi sjálfur reiknað út og gefið fullnaðarkvittun fyrir.

Í forsendum dóms Hæstaréttar 16. september 2010 í máli nr. 471/2010 kom meðal annars fram að umsamin vaxtakjör af gengisbundnu láni hefðu ekki getað komið til álita nema í tengslum við gengistryggingu þess, sem fyrir lægi að óheimilt hefði verið að kveða á um. Þegar virt væri að ákvæðið um gengistryggingu í samningi aðilanna væri ógilt og bein og órjúfanleg tengsl væru milli þess ákvæðis og fyrirmæla þar um vexti, væri hvorki unnt að styðjast við þau fyrirmæli óbreytt eftir orðanna hljóðan né gefa þeim með skýringu annað inntak, enda lægi fyrir í málinu að á millibankamarkaði í London hefðu aldrei verið skráðir LIBOR-vextir af lánnum

í íslenskum krónum. Vegna þessa væri óhjákvæmilegt að ógildi ákvæðisins um gengistryggingu leiddi til þess að líta yrði með öllu fram hjá ákvæðum sammingsins um vaxtahæð. Í samningnum væri hins vegar ákveðið að skuldin bæri vexti. Var komist að þeirri niðurstöðu að um þá skyldi fara eftir 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001.

Ekki liggur annað fyrir í málinu en að stefndi hafi við endurútreikning hinna ólögmetu lána lagt til grundvallar dómafordæmi Hæstaréttar Íslands og reiknað sér vexti allt frá upphafi lánessamninganna samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001. Skiptir hér engu þótt endurútreikningurinn hafi farið fram fyrir gildistöku laga nr. 151/2010.

Við aðalmeðferð málsins mótmælti lögmaður stefnda sem nýrri málsástæðu því er fram kom hjá lögmanni stefnanda, að 13. gr. vaxtalaga leggi höfuðáherslu á með hvaða hætti skuldbinding skuldara sé orðuð. Hann telur þessa málsástæðu of seint fram komna þar sem hennar sé ekki getið í stefnu. Þá telur lögmaðurinn málsástæðuna haldlausa. Hér er um lagarök að ræða. Með vísan til þess sem að framan greinir er sjónarmiðum stefnanda hafnað.

Málsgrundvöllur stefnanda er ekki byggður á því að endurútreikningur stefnda á hinum umdeildu lánum sé rangur. Þá stóð stefndi stefnanda skil á hinni ofgreiddu fjárhæð hinn 4. nóvember 2011. Með vísan til þess sem að framan greinir er það niðurstaða dómsins að stefnandi eigi ekki frekari kröfur á hendur stefnda vegna lánessamninga þeirra er gerðir voru 25. október 2006, 10. apríl 2007 og 10. september 2007. Stefndi er því sýknaður af aðalkröfu og varakröfu stefnanda í málinu.

Eftir þessari niðurstöðu og með vísan til 130. gr. laga um meðferð einkamála ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað svo sem greinir í dómsorði.

Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

## DÓMSORÐ

Stefndi, Landsbankinn hf., er sýknaður af kröfum stefnanda, Reynis Finndals Grétarssonar.

Stefnandi, Reynir Finndal Grétarsson, greiði stefnda, Landsbankanum hf., 800.000 kr.

Sigrún Guðmundsdóttir.